



Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar 2016.

Haldinn í Hátíðarsal Varmárskóla þann 7. apríl.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla formanns
3. Ársreikningur
4. Fjárhagsáætlun
5. Lagabreytingar
6. Heiðursviðurkenningar
7. Kosningar
8. Önnur mál

1. Fundarsetning

Dagný Kristinsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn klukkan 18 og bauð fundargesti velkomna til fundarins. Lagði hún til að Jóna Dís Bragadóttir yrði kjörin fundarstjóri sem samþykkt var með lófataki. Fundarstjóri þakkaði traustið og gerði tillögu um Önnu Sigríði Guðnadóttur sem fundarritara sem samþykkt var með lófaklappi. Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum við boðun fundarins, engar bærust og skoðast fundurinn rétt boðaður.

2. Skýrsla formanns

Dagný Kristinsdóttir fór yfir skýrslu formanns fyrir árið 2015, sem lá frammi á fundinum í ársskýrslu félagsins. Kom fram í máli hennar að aðalstjórn hafi fundað 14 sinnum á árinu og formannafundur hafi verið fjórir talsins. Þá hafi allar 10 deildir félagsins átt fundi með fulltrúum úr aðalstjórn. Engar mannabreytingar hafi orðið á skrifstofu félagsins frá fyrra ári, en einn starfsmaður hafi verið ráðinn í tímabundið verkefni. Fyrirkomulagi Uppskeruhátíðar var breytt á árinu. Nú halda allar deildir eigin hátíð í lok tímabils en á milli jóla og nýárs verði haldin Uppskeruhátíð félagsins þar sem íþróttafólk deilda og félagsins verði útnefnt.

Á árinu 2015 voru tæplega 1400 börn á iðkendaskrá félagsins og um 200 eldri iðkendur í meistaraflokkum. Samanlagt voru því 1600 iðkendur við æfingar og keppni undir merkjum Ungmennafélagsins Aftureldingar á árinu.

3. Ársreikningar 2015

Birna Kristín Jónsdóttir gjaldkeri aðalstjórnar kynnti ársreikninga félagsins sem birtir eru í ársskýrslu þess. Niðurstöðutölur eru:

Rekstrartekjur	247.748.408
Rekstrargjöld	246.467.987
Hagnaður án fjármagnsliða	1.280.421
Fjármunatekur og fjármagnsgjöld	85.398
Hagnaður	1.365.819

Efnahagsreikningur:

Eignir samtals	15.737.568
Skuldir og eigið fé	15.737.568

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um skýrslu formanns og ársreikninga. Spurt var um ógreidd laun og lífeyrisskuldbindingar sem framkvæmdastjóri skýrði. Spurt var um hækkun á rekstrarkostnaði mannvirkja og því svarað til að fimleikasalur og bardagasalir væru orsök þeirrar hækkunar. Þá var spurt um lækkandi húsa- og vallarleigutekjur sem skýrðar voru með því að innheimta hefði ekki verið nægilega öflug.

Hafsteinn Pálsson, forseti bæjarstjórnar kom í pontu og bar fundinum kveðjur bæjarstjóra sem ekki gat sótt fundinn. Hafsteinn ræddi mikilvægi félagsins fyrir bæinn og allt sjálfboðaliðastarfið sem bætti bæjarbraginn og að allt þetta bæri að þakka.

Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma.

4. Fjárhagsáætlun 2016

Indriði Jósafatsson, framkvæmdastjóri félagsins, kynnti fjárhagsáætlun aðalstjórnar. Gert er ráð fyrir tekjum upp á kr. 249.412.998 og gjöldum upp á kr. 249.412.998. Fjárhagsáætlun er birt í ársskýrslu félagsins sem lá frammi á fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar. Spurt var af hverju ekki væru áætlaðar hærri leigutekjur. Framkvæmdastjóri svaraði því til að það væri minna um að fólk leigði sér sali til skemmtunar. Þá hafi hver deild fengið úthlutað tímum sem þýddi þá að tekjur færðust frá aðalstjórn til deilda.

5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum lá ein tillaga til lagabreytingar og tvær tillögur um breytingar í reglugerð.

Lagabreytingartillagan sneri að 7undu grein laganna en gildandi grein hljóðar svo:

7. grein.

Aðalfundur félagsins, fundartími og boðun.

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu 15. mars til 15. apríl ár hvert. Fundarboð skal auglýsa opinberlega með fjögurra vikna fyrirvara. Frestur til að leggja inn framboð til stjórnarsetu og tillögum að lagabreytingum skal vera innan 4 vikna frá dagsetningu aðalfundarboðs. Aðalfundurinn telst lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Lögð var til breyting á þriðju setningu greinarinnar um frest til að skila inn framboðum og lagabreytingartillögum. Fresturinn yrði stytur í tvær vikur og framboðum skilað á skrifstofu félagsins.

Ný 7. grein laga Ungmennafélagsins Aftureldingar hljóði því þannig:

7. grein.

Aðalfundur félagsins, fundartími og boðun.

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu 15. mars til 15. apríl ár hvert. Fundarboð skal auglýsa opinberlega með fjögurra vikna fyrirvara. Frestur til að leggja inn framboð til stjórnarsetu og tillögur að lagabreytingum skal vera innan tveggja vikna frá dagsetningu aðalfundarboðs. Framboðum og tillögum skal skila á skrifstofu félagsins. Aðalfundurinn telst lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Formaður skýrði að þessi breytingartillaga væri lögð fram í samræmi við ráðleggingar frá ÍSí vegna innbyrðis ósamræmis í lögum félagsins. Fundarstjóri gaf orðið laust um breytingartillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða sem og lögin svo breytt.

Þá voru lagðar fram tvær tillögur um breytingar á Reglugerð deilda Aftureldingar, annars vegar á 1. grein og hins vegar á 5. grein.

Gildandi 1. grein hljóðar svo:

1. grein.

Aðalfundur deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun.

Aðalfundur deilda félagsins skulu haldnir fyrir 15. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deilda hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deilda. Til aðalfunda deilda skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Aðalfundur deilda er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Lögð var til sú breyting að fundarboð vegna aðalfunda deilda skyldu send út með tíu daga fyrirvara og að framboð til stjórna deilda skuli berast sjö dögum fyrir fund á skrifstofu félagsins.

Tillaga að breytingu:

1. grein.

Aðalfundur deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun.

Aðalfundur deilda félagsins skulu haldnir fyrir 15. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deilda hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deilda. Til aðalfunda deilda skal boðað með tíu daga fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Framboð til stjórnarstarfa skulu berast eigi síðar en sjö dögum fyrir fund og skal skila framboðum á skrifstofu félagsins. Aðalfundur deilda er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Spurt var af hverju væri farið fram á að skila inn framboðum til skrifstofu. Því var svarað að ef enginn byði sig fram þá vissi skrifstofan af því og gæti brugðist við í tíma. Þá hafi deildir verið að auglýsa fresti en þeir ekki átt stoð í reglugerð. Þá kom fram athugasemd um að þrjú dagar til að ákveða framboð væri skammur tími. Upplýst var að knattspyrnudeild hefði nú leyfi stjórnar til að halda aðalfund að hausti en samt væri rætt um mars í greininni. Þá var upplýst að blakdeild

myndi leggja fram samskonar ósk til aðalstjórnar. Spurt var hvort fyrsta setningin mætti ekki missa sín.

Fram kom tillaga um að stjórn lagi textann í samræmi við umræður á fundinum og var sú tillaga samþykkt.

Seinni breytingartillagan snéri að 5. grein reglugerðarinnar.

Gildandi 5. grein hljóðar svo:

5. grein.

Stjórnir deilda.

Stjórnir deilda skulu skipaðar 3-7 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda. Formenn og varaformenn deilda, skulu ekki sitja samhliða í ráðum, innan sömu deildar, s.s. barna og unglingaráðum, eða meistaraflokksráðum.

Lögð var til sú breyting að síðasta setning félli burt.

Tillaga að breytingu:

5. grein.

Stjórnir deilda.

Stjórnir deilda skulu skipaðar 3-7 stjórnarmönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum. Ávallt skulu vera formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda.

Fundarstjóri gaf orðið laust um þessa breytingartillögu. Talsverðar umræður urðu um tillöguna. Fram kom að Handknattleiksdeild hefði lagt fram þessa tillögu. Greinin eins og hún hljóði nú henti ekki deildinni. Til dæmis sé enginn formaður meistaraflokks kvenna. Í stjórn handboltans sitji einn frá BUR, einn frá mfl. kvk og einn frá mfl. kk. Fulltrúi frá Knattspyrnudeild spurði hvað þetta gæti þýtt fyrir stærri deildir þar sem slíkt fyrirkomulag hentaði engan veginn. Blakdeild spurði hvort knattspyrnudeild gæti ekki sett þrengri ákvæði inn í sínar reglur. Þá voru ræddar reglur um tekjuskiptingu vegna sölu leikmanna í samhengi við þessar reglur. Framkvæmdastjóri benti á að deildir geti sótt um undanþágu til Aðalstjórnar varðandi ákvæði reglugerðar.

Fram kom tillaga úr sal um að þessi breytingartillaga fari inn til aðalstjórnar til nánari skoðunar og afgreiðslu. Sú málsmeðferð var samþykkt samhljóða

[Fundarritari, Anna Sigríður Guðnadóttir, þurfti að víkja af fundi kl. 19 og við fundarritun tók Ester Sveinbjarnardóttir.]

6. Heiðursviðurkenningar

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu brons- silfur- og gullmerki félagsins.

Brons:

Einar Grétarsson	knattspyrnudeild
Guðfinna Ármannsdóttir	handknattleiksdeild
Gunnar Ingi Gunnarsson	knattspyrnudeild
Jóhannes Jónsson	handknattleiksdeild
Óli Valur Steindórsson	knattspyrnudeild
Sigrún Þ. Geirsdóttir	handknattleiksdeild
Þorvaldur Einarsson	handknattleiksdeild

Silfur:

Ásgeir Sveinsson	handknattleiksdeild
Hlynur Þrastarson	handknattleiksdeild
Inga Lilja Lárusdóttir	handknattleiksdeild

Gullmerki Ungmennafélagsins Aftureldingar

Bóel Kristjánsdóttir

Bóel er ein af þeim sem stofnuðu meistaraflokk kvenna í knattspyrnudeild innan Aftureldingar og hefur hún verið leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður í knattspyrnudeildinni. Hún hefur verið sérstaklega dugleg að koma að uppbyggingu kvennaboltans í gegnum tíðina. Fyrir það er nú þakkað með gullmerki félagsins.

Afhending bikara

Þar sem breytingar hafa verið ákveðnar varðandi fyrirkomulag Uppskeruhátíðar eins og fram kom í skýrslu formanns voru bikarar afhentir á aðalfundi félagsins að þessu sinni. Fram kom að íþróttafólk félagsins árið 2015 var útnefnt á Þorralóti félagsins í febrúar og eru það Pétur Júníusson og Telma Rut Frímansdóttir.

Gunnillubikar hlaut Erna Sóley Gunnarsdóttir frjálsíþróttakona sem stigahæsta konan í frjálsum íþróttum árið 2015.

Vinnuþjarkur 2015 er Ásgeir Sveinsson form. meistaraflokksráðs karla í handbolta.

Starfsbikar UMFÍ 2015 hlaut barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar. Frábær rekstur, metþátttaka í Intersportmótinu, um 1550 þátttakendur, og metþátttaka iðkenda seinni hluta ársins veitir þeim starfsbikar UMFÍ 2015.

Hópbikar UMSK 2015 hlutu deildar- og bikarmeistarar mfl. kvenna í blaki.

Knattspyrnudeild veitti því næst Sigríði Þóru Birgisdóttur sérstaka viðurkenningu fyrir að vera fyrst leikmanna til að leika 100 leiki með meistaraflokki.

6. Kosningar.

Dagný Kristinsdóttir var endurkjörin formaður með lófataki.

Tveir stjórnarmenn létu af störfum, þau Anna Sigurðardóttir og Eymundur Sigurðsson.

Aðalmenn til tveggja ára voru kjörin Einar Grétarsson og Krístrún Kristjánsdóttir .

Anna Friða Magnúsdóttir var kjörin sem varamaður.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörin Helga Jóhannesdóttir og Valdimar L. Friðriksson.

Skoðunarmaður deilda var kjörinn Valdimar L. Friðriksson.

7. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK tók til máls og flutti kveðju frá UMSK. Hvatti Aftureldingu til að leita til UMSK, afrekssjóður UMSK sé fyrir þá sem keppa á erlendri grundu og þjálfara sem þurfi að fara á námskeið erlendis. Hann sagði frá ýmsum námskeiðum og fundum á vegum UMSK. Þá minnti hann á Unglingalandsmót um verslunarmannahelgina.

Guðrún Kristín sagði frá því að Blakdeildin vilji halda aðalfund í október og að uppgjörsárið verði sé 1. september - 31. ágúst. Hún ræddi sali í íþróttahúsinu, meiri samvinna þyrfti að vera milli deilda og ekki mætti láta iðkendur fara inn fyrir en æfingin byrjar. Þá sagði hún gaman að hafa fengið fimleikahús en það losnaði ekki neinn tími í sölunum þó það risi og því hefur það ekki

áhrif á aðrar deildir. Íþróttaskóli barnanna taki allan sal 3 alla laugardagsmorgna. Spurði hvort hægt væri að hafa þau í fimleikasalnum? Þannig gæti blakið nýtt sal 3 og losnað um aðstöðu fyrir mótahald. Þakkaði að lokum gott samstarf.

Steinunn frá fimleikadeild sagði deildina sjálfa vera með tíma á laugardögum og vill ekki lána salina.

Guðrún Kristín áréttaði að hún væri ekki að fara fram á að fá afnot af tækjum bara gólfinu. Lagði hún til að þetta málefni yrði tekið til umræðu á næsta formannafundi.

Rúnar Bragi Guðlaugsson varaformaður íþróttá- og tómstundaneftndar minnti á að nefndin styrki íþróttamenn og vildi hvetja stjórnendur deilda til að hvetja krakkana til að sækja um. Þeir fái greidd unglingavinnulaun í sumar. Tíu ungmenni voru valin á fundi nefndarinnar.

Hallur Birgisson formaður mfl. kvenna í knattspyrnu.

Hallur kvað aðstöðumál á svæði Aftureldingar vera til skammar og rekstrartekjur einnig. Það sjást ekki breytingar á viðhaldi eða rekstri. Skiptiklefa vanti áttakanlega og það sé allt í uppnámi á leikjum eða keppnum vegna þessa. Hallur rifjar upp að árið 2008 hafi átt að byggja félagsaðstöðu sem hefur ekki verið afhent enn. Völlurinn sé ónýtur og aðstaðan skelfileg. Hallur spurði :Hvar er fjölnotahúsið, hvar eru fréttirnar? Hallur taldi að aðalstjórn ætti að leggja gífurlega áherslu á það að fá betri aðstöðu fyrir félagið og nefndi sem dæmi að Tungubakkar hefðu ekki verið valtaðir í mörg ár. Þetta þýði að meistaraflokkur geti ekki æft á Tungubökkum.

Hafsteinn Pálsson, forseti bæjarstjórnar.

Hafsteinn segir framkvæmd félagsaðstöðu hafa verið breytt í annars konar íþróttáaðstöðu þ.e. fimleikasal og bardagasali. En auðvitað megi gera betur, lífróður í að reka félagið, vill gera betur en ekki meiri sóknarfæri. Nefnir að í haust verði 50 ár síðan hann gekk í Aftureldingu. Hann er því tengdur félaginu og þekkir það að hafa þurft að berjast fyrir bættri aðstöðu í Aftureldingu. En hann vill að gætt sé sanngirni þegar ekki verður af einni framkvæmd og önnur komi í staðinn.

Sigurður Rúnar

Sigurður kvaðst hafa starfað í 3 ár innan knattspyrnudeildar. Iðkendur hafi fjölgað um 100 og deildin sjái fram á að það fjölgi um 50 til 100 iðkendur á næstu þremur árum. Ljóst sé að þá verði aðstaðan sprungin. Knattspyrnudeild sjái fram á vandræði í sumar vegna aðstöðuleysis og þurfi þá að vera með fjöldatakmarkanir. Það vanti gras, Tungubakkar séu ónýtir, ekki verið gert neitt í 3 ár. Einnig sé gevigrasið ónýtt. Það þurfi að endurbyggja 20% ár hvert svo það verði ekki svona vandi þ.e. að allt svæðið sé ónýtt í einu. Sjálfboðaliðar leggi mikið á sig og þurfi mikið að svara fyrir aðstöðuna, óþarfi að stilla þessu upp persónulega. Fimleikahúsið fínt en það þurfi að bæta aðstöðu fyrir knattspyrnu.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir liðnum önnur mál.

Formaður áréttaði að dyr aðalstjórnar stæðu opnar og alltaf hægt að ræða málin, bauð viðstöddum að þiggja veitingar og sleit fundi.

Fleira ekki gert.

Fundargerð rituðu Anna Sigríður Guðnadóttir og Ester Sveinbjarnardóttir